

Nd.

180. Frumvarp til laga

[147. mál]

um fæðingarorlof, breyting á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Ný grein komi, er verði 16. gr. og orðist svo:

Foreldri, sem lögheimili eiga á Íslandi, eiga rétt á þriggja mánaða fæðingarorlofi samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

Heimilt er að hefja töku fæðingarorlofs allt að einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag, sem staðfestur skal með læknisvottorði. Beri fæðingu að fyrir töku fæðingarorlofs, telst fæðingarorlof hafið á fæðingardeg.

Nú hefur móðir tekið a. m. k. tveggja mánaða fæðingarorlof og á þá faðir rétt til fæðingarorlofs í stað móður, ef móðir óskar þess. Fæðingarorlof föður má nema allt að einum mánuði, enda sé um að ræða síðasta mánuð fæðingarorlofsins.

Vilji móðir hefja störf að nýju áður en lokið er fæðingarorlofi, skal hún tilkynna það atvinnurekanda með 14 daga fyrirvara. Faðir, sem ætlar að taka hluta fæðingarorlofs, skal tilkynna það atvinnurekanda með 14 daga fyrirvara og jafnframt hve lengi hann verður frá störfum.

Taki foreldrar samanlagt ekki allt það fæðingarorlof sem þau eiga rétt á, falla niður orlofsgreiðslur fyrir þann tíma sem ekki er nýttur.

Fæðingarorlofsgreiðslur miðast við kr. 530 221 gkr. á mánuði miðað við 1. desember og breytast ársfjórðungslega í samræmi við kaupbreytingar á hverjum tíma á 8. flokki samkvæmt kjarasamningi Verkamannasambands Íslands, efsta starfsaldursþrepi.

Fæðingarorlof greiðist sem hér segir:

1. Foreldri, sem unnið hefur 1032—2064 dagvinnustundir á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs á rétt á óskertri mánaðarlegri orlofsgreiðslu í þrjá mánuði.
2. Foreldri, sem unnið hefur 516—1031 dagvinnustund á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs á með sama hætti rétt á $\frac{2}{3}$ hlutum heildargreiðslna skv. tl. 1 í þrjá mánuði.
3. Foreldri, sem er utan vinnumarkaðar eða hefur unnið 515 dagvinnustundir eða minna á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs á með sama hætti rétt á $\frac{1}{3}$ hluta heildargreiðslu skv. 1. tl.

Fæðingarorlof greiðist úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn framvísun vottorðs læknis og sönnunar um launagreðslur og atvinnuþátttöku viðkomandi samkvæmt nánari reglum er ráðherra setur í reglugerð.

Óheimilt er að segja barnshafandi konu upp starfi nema gildar og knýjandi ástæður séu fyrir hendi. Sama gildir um foreldri í fæðingarorlofi.

Fæðingarorlof framlengist um einn mánuð, sé um að ræða fleirburafæðingu eða alvarlegan sjúkleika barns, sem krefst nánari umönnunar foreldris. Slík þörf skal rökstudd með læknisvottorði, og staðfest af tryggingaráði. Hvort foreldri sem er getur, að ósk móður, dvalið hjá barni sínu hinn fjórða mánuð. Fæðingarorlofs-greiðslur í þessu tilviki skulu vera skv. 6. mgr.

Sé móður nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að hefja töku fæðingarorlofs meira en einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag, skal hún eiga rétt á greiðslu skv. 6. mgr. í þann tíma, sem nauðsyn krefur, til viðbótar þremur mánuðum, þó aldrei lengri tíma samtals en 4 mánuði. Tryggingayfirlæknir skal meta hvort lenging fæðingarorlofs er nauðsynleg skv. þessu ákvæði.

Fæðingarorlof fellur niður frá þeim degi að telja, er foreldri lætur barn frá sér vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs, eða til varanlegrar dvalar á stofnunum. Þegar um er að ræða tilvik samkvæmt þessari málsgrein svo og ef móðir fæðir andvana barn, skal fæðingarorlof aldrei vera minna en einn mánuður eftir fæðingu. Sama gildir ef um er að ræða fósturlát sem jafna má til fæðingar.

Ættleiðandi foreldri, uppeldis- eða fósturforeldri eiga rétt á tveggja mánaða fæðingarorlofsgreiðslum vegna töku barns til fimm ára aldurs.

Heimilt er foreldri, ef samkomulag er um það við atvinnurekanda, að semja um lengra fæðingarorlof með óbreyttum greiðslum.

Ákvæði þessarar greinar skerða ekki þann heildarrétt, sem verkalýðsfélög hafa samið um umfram það, sem hér greinir.

2. gr.

Núgildandi 74. gr. falli niður.

3. gr.

Lög nr. 56/1975 um breyting á lögum nr. 57/1973 um atvinnuleysistryggingar (fæðingarorlof), falli úr gildi.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1981.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Þann 27. október s. l. lýsti ríkisstjórnin yfir því í tengslum við gerð kjarasamninga, að hún myndi beita sér fyrir ýmsum félagslegum réttindamálum.

Frumvarp það sem hér er flutt um fæðingarorlof til handa öllum konum, er byggt á framangreindri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og felur í sér þau efnisatriði sem þar er að finna. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að lögfestur verði lágmarksréttur fæðingarorlofs til allra foreldra á hinum almenna vinnumarkaði, auk þeirra sem eru heimavinnandi. Greininni er ætlað að leysa af hólmi núgildandi fyrirkomulag fæðingarorlofs í Atvinnuleysistryggingasjóði og í kjarasamningum verkalýðsfélaga, þó þannig að hvorki er verkalýðsfélögum óheimilt að semja um betri rétt en frumvarpið gerir ráð fyrir né að það skerði betri heildarrétt sem verkalýðsfélög hafa í kjarasamningum sínum nú þegar. Opinberir starfsmenn og bankamenn húa við 3ja mánaða óskert laun í fæðingarorlofi skv. reglugerð og kjarasamningi og tekur frumvarpið ekki til þeirra.

Grein þessi er nýmæli í lögum um almannsþryggingar. Hér er gert ráð fyrir því að hverju foreldri með lögheimili á Íslandi verði tryggðar greiðslur í fæðingarorlofi, sem eru allt að því að vera fullar viðmiðunargreiðslur í þrjá mánuði og niður í $\frac{1}{3}$ viðmiðunargreiðslna í þrjá mánuði, og er þá fyrst og fremst miðað við atvinnuþátttöku viðkomandi. Ekki er hér, frekar en í ákvæðum laga um mæðralaun, gerð krafa um lögheimilistíma né heldur krafist lágmarksstarfsaldurs á vinnumarkaði almennt umfram það sem getur í greininni varðandi atvinnuþátttöku síðustu 12 mánuði fyrir töku fæðingarorlofs um skilyrði og grundvöll bótagreiðslu.

Tilgangur með fæðingarorlofi er sá, að kona fái tækifæri til að ná sér eftir þá áreynslu sem barnsburður óneitanlega er, en þó er álitinn mikilvægari sá uppeldisþáttur, að foreldri geti annast barn sitt á fyrsta æviskeiði þess. Því er rétti til fæðingarorlofs skipt milli fæðandi móður og uppeldisforeldris, sé ekki um sömu aðila að ræða, sbr. 13. mgr. Hins vegar þykir rétt að framlengja fæðingarorlof þegar frekari umönnun er þörf, t. d. við fleirburafæðingar eða í alvarlegum sjúkleika-tilvikum barna sbr. 11. mgr. Starf móðurinnar getur orðið æði umfangsmikið í slíkum tilfellum. Er því rétt að faðirinn fái tækifæri til að leysa hana af hólmi, og að hann fái yfirleitt tækifæri til að sinna barni sínu nánar.

Frumvarp þetta, ef að lögum verður, leiðir til eftirfarandi helstu breytinga á réttarstöðu foreldra í fæðingarorlofi:

1. Allar konur, sem forfallast vegna barnsburðar, skulu eiga sama rétt til þriggja mánaða fæðingarorlofs, en á mismunandi launum, allt eftir atvinnuþátttöku. Eins og kunnugt er eru gildandi ákvæði um rétt til fæðingarorlofs bæði í lögum um atvinnuleysistryggingar og víða í kjarasamningum. Í háðum tilfellum er fæðingarorlofsréttur bundinn við aðild að verkalyðsfélagi og bundinn við atvinnuþátttöku í ákveðnum mæli.

Með því að lögleiða fæðingarorlof fyrir allar konur, felur frumvarp þetta í sér þá meginbreytingu á rétti þessum að heimavinnandi konur fá í fyrsta skipti fæðingarorlof. Má gera ráð fyrir því að hér sé um að ræða u. þ. b. 2 000 konur á hverju ári sem nú öðlast fæðingarorlof í fyrsta skipti.

2. Gert er ráð fyrir því, að foreldri sem hefur hálfu til fulla atvinnuþátttöku á almennum vinnumarkaði eða 1032—2064 dagvinnustundir á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs eigi rétt á óskertum mánaðarlegum fæðingarorlofs-greiðslum í þrjá mánuði, eins og viðmiðunargreiðslur eru hverju sinni. Gert er ráð fyrir því að þær fjárhæðir breytist ársfjórðungslega í samræmi við kaupbreytingar eins og þær verða á 8. fl. kjarasamnings Verkamannasambands Íslands, efsta aldursþrepi, samkvæmt núgildandi kjarasamningum.

Foreldri, sem er með fjórðungs til hálfu atvinnuþátttöku eða 516—1031 dagvinnustund á síðustu 12 mánuðum fyrir töku fæðingarorlofs, á rétt til skertrar viðmiðunargreiðslu um $\frac{1}{3}$, þ. e. á rétt til $\frac{2}{3}$ af mánaðarlegum greiðslum í þrjá mánuði. Foreldri, sem er utan vinnumarkaðar, heimavinnandi eða er með fjórðungs atvinnuþátttöku eða minna, þ. e. 515 stundir og minna á síðustu 12 mánuðum, á með sama hætti rétt til skertrar viðmiðunargreiðslu um $\frac{2}{3}$ og á þannig rétt á $\frac{1}{3}$ hluta fullra viðmiðunarlauna í þrjá mánuði.

3. Fæðingarorlof greiðist úr lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins gegn framvisun vottorðs læknis og sönnunar um launagreiðslur og atvinnuþátttöku viðkomandi samkvæmt nánari reglum, sem ráðherra setur í reglugerð. Gera má ráð fyrir því að vandkvæðum geti verið bundið fyrir ýmsa hópa kvenfólks að sanna atvinnuþátttöku sína, eða störf sem meta mætti jafngild atvinnuþátttöku. Má sem dæmi nefna sjómannskonur, konur bænda, þær sem stunda nám með heimilisstarfi og þær sem stunda atvinnurekstur. Ekki þóttu tök á því í þessum texta, að marka ákveðna stefnu hvað þessar starfsgreinar kvenna snertir og hugsanlega aðrar sem erfitt eiga með sönnun á vinnuframlagi sínu. Verður að gera ráð fyrir því að tíminn og reynslan leiði í ljós, hvernig eðlilegast sé að meta hin

einstöku störf og er því gert ráð fyrir því að ráðherra sé veitt heimild til setningar reglugerðar um alla nánari útfærslu greinarinnar, að fenginni reynslu.

Eins og áður segir er gert ráð fyrir því, að lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins greiði nú fæðingarorlof að öllu leyti. Er því jafnframt þessu frumvarpi lagt fram annað frumvarp um breyting á almannatryggingalögum, sem varðar greiðsluhlutdeild atvinnurekenda á Íslandi í lífeyristryggingadeild Tryggingastofnunar.

4. Ef um fleirburafæðingu er að ræða framlengist fæðingarorlof um einn mánuð. Sömuleiðis er sjúkleiki barns krefst nánari umönnunar foreldris. Slík þörf skal rökstudd með almennu læknisvottorði og staðfest af tryggingaráði.
5. Sé móður nauðsynlegt af heilsufars- eða öryggisástæðum að hefja töku fæðingarorlofs meira en einum mánuði fyrir áætlaðan fæðingardag, skal hún eiga rétt á greiðslum samkvæmt 6. mgr. greinarinnar í þann tíma sem nauðsyn krefur, til v.ðbótar þremur mánuðum, þó þannig að aldrei verði heildarfæðingarorlof lengra samtals en fjórir mánuðir.
6. Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því að fæðingarorlof falli niður frá og með þeim degi að telja er foreldri lætur barn frá sér, vegna ættleiðingar, uppeldis eða fósturs, eða til varanlegrar dvalar á stofnunum. Er því gert ráð fyrir því, að foreldri fái réttinn til fæðingarorlofs þar til barni er ráðstafað. Þó er gert ráð fyrir því, vegna fæðingarinnar að foreldri eigi í slíkum tilfellum að minnsta kosti rétt til fæðingarorlofs í einn mánuð, þó barni sé ráðstafað fyrir þann tíma. Sama rétt á kona einnig, ef um er að ræða fósturlát sem er þess eðlis að jafna má til fæðingar.
7. Ættleiðandi foreldri, uppeldis- eða fósturforeldri skulu njóta allt að tveggja mánaða fæðingarorlofsgreiðslna vegna töku barns til 5 ára aldurs.
8. Gert er ráð fyrir sveigjanlegum, fæðingarorlofsrétti að því leyti til að foreldri er heilmilt, ef samkomulag er um það við atvinnurekanda, að semja um lengra fæðingarorlof án sérstakrar greiðslu.
9. Að lokum er það áréttað í greininni að hún tekur til og leysir af hólmi núgildandi fæðingarorlofskerfi, sbr. 3. gr. frumvarpsins, þó þannig að betri heildarréttur sem verkalýðsfélag hefur samið um, skal ekki skerðast af ákvæðum frumvarpsins. Þá ber þess að geta að enda þótt 1. mgr. greinarinnar geri ráð fyrir því að allir foreldrar á Íslandi eigi rétt á fæðingarorlofi, gilda sérstakar reglur um fæðingarorlof opinberra starfsmanna og er að svo stöddu ekki gert ráð fyrir því að ákvæði frumvarpsins taki til þeirra. Samkvæmt núgildandi fyrirkomulagi njóta konur atvinnuleysistrygginga í fæðingarorlofi samkvæmt lögum nr. 56/1975, sbr. reglugerð nr. 14 1976. Að auki njóta konur samningsbundins fæðingarorlofs samkvæmt ákvæðum kjarasamninga. Þannig njóta konur innan Verkamanna-sambands Íslands dagvinnukaups í 3 vikur í fæðingarorlofi skv. kjarasamningi. Konur innan V. R. óskerts kaups í 12 virka daga. Konur innan Landssambands iðnverkafólks dagvinnukaups í 2 vikur. Konur innan Starfsmannafélagsins Sóknar dagvinnukaups í 3 vikur og dagvinnukaups í 3 mánuði eftir þriggja ára starf. Innan Hins ísl. prentarafélags njóta konur dagvinnukaups í 3 vikur. Innan Áburðarverksmiðjunnar, Sementsverksmiðjunnar og Kísiliðjunnar óskertra launa í 3 mánuði. Hjá Járblendifélaginu óskertra launa í 6 vikur. Hjá Ísal óskertra launa í 6 vikur. Innan BSRB og BHM óskertra launa í 3 mánuði, skv. reglugerð. Hjá Sambandi ísl. bankamanna óskertra launa í 3 mánuði. Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 14 1976, greiðir Atvinnuleysistryggingasjóður fæðingarorlof þann tíma sem launagreiðsla atvinnurekenda í fæðingarorlofi nemur skemmri tíma en 90 bótadögum. Bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar hafa ekki áhrif á greiðslur samkvæmt því ákvæði.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er létt af Atvinnuleysistryggingasjóði núverandi greiðslum fæðingarorlofs og einnig er þessu frumvarpi ætlað

að létta af atvinnurekendum samningsbundnu fæðingarorlofi, að svo miklu leyti sem þar er ekki um rýmri rétt að ræða, en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Í útreikningum þeim, sem hér fara á eftir, er reynt að áætla raunverulegan útgjaldaauka þeirra aðila, sem lagt er til að rísi undir greiðslu fæðingarorlofs, þ. e. a. s. ríkis og atvinnurekenda.

Hugmyndir um kostnað af fæðingarorlofi allra fæðandi kvenna.

Miðað er við 4 400 fæðingar á ári og greiðsluupphæð kr. 440 000 á mán. m. v. sept. 1980. Forsendur gera ráð fyrir að af alls 1 850 útvinnandi konum stundi 1 150 fulla vinnu, 400 hálfu vinnu og 300 minna.

Kostnaður áætlast:

1. Útvinnandi (alls 640)	
Þ. a.	
A. ASÍ-konur (samt. 1600)	2 208.5 m.kr.
B. Aðrar útvinnandi (samtals 250)	368.1 m.kr.
(ath. hér vantar „opinb. konur“ alls 790)	
2. Heimavinnandi (alls 1760)	996.7 m.kr.
	<hr/>
	Kostnaður alls 3 573.3 m.kr.

Fjármögnun:

1. Ríkissjóður	1 800 m.kr.
2. Atvinnurekendur	1 800 m.kr.
	<hr/>
	3 600 m.kr.

Núverandi greiðslur vegna fæðingarorlofs byggjast á lögum nr. 56/1975 auk samningsbundins fæðingarorlofs samkvæmt ákvæðum kjarasamranga. Nær það eingöngu til þeirra kvenna sem eru fullgildir félagar í verkalýðsfélögum. Hér að neðan verður gefið yfirlit yfir gildandi réttindi kvenna í verkalýðsfélögum, eftir því sem næst verður komist.

FÆÐINGARORLOF m. v. 1. sept. 1980.

	Tímalengd	Greiðslufyrirkomulag	Kona sem ekki er fyrirvina heimilis	Fyrirvina heimilis
1. Gildandi rétt- indi kvenna í verkalýðsfél.				
A.				
Fæðingardagp.	90 dagar virkir eða alls 126 dagar	a) 9 856 kr/dag + 915 kr/dag fyrir hvert barn	a) 887 040 + 82 350 1 barn	b) 1 013 760 + 82 350 1 barn
Atv.ltrsj.			969 390 + 82 350 2 börn	1 096 110 + 82 350 2 börn
sbr. l. nr. 56/1975 sbr. reglug. 20-01-1976 nr. 14		b) 11 264 kr/dag + 915 kr/dag fyrir hvert barn (fyrirvina)	1 051 740 + 82 350 3 börn	1 178 460 + 82 350 3 börn
B.				
Fæðingardagp. gr. af atvinnurek.	ca. 18 dagar	Óskert dagvinnul. ¹⁾	198 000	1 216 440
2. ASÍ-konur (almenn) ²⁾				
			1 085 040	1 211 760
			1 167 390 (+ 1 barn)	1 294 110 (+ 1 barn)
			1 249 740 (+ 2 börn)	1 376 460 (+ 2 börn)
			1 332 090 (+ 3 börn)	1 458 810 (+ 3 börn)
			1 414 440 (+ 4 börn)	1 541 160 (+ 4 börn)
3. Starfskonur				
BSRB hjá ríkinu	90 dagar	Meðallaun í þrjá mán. ca. (460 000) óháð börnum	1 380 000 + orlof og lífeyrissjóðs- greiðslur.	
4. Starfskonur				
BHM hjá ríkinu	90 dagar	Meðallaun í þrjá mán. ca. (520 000) óháð börnum	1 560 000 + orlof og lífeyrissjóðs- greiðslur.	

1) Áætluð meðaldagvinnulaun 330 000.—

2) Undanskildar konur með mun meiri réttindi s.s. flugfreyjur og blaðakonur.